

Borgarráð 19. september 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu Workplace MSS24090107

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir því að fá að vita af hverju þjónustu og nýsköpunarsvið eða forveri þess Skrifstofa þjónustu og reksturs hafi ákveðið að innleiða Workplace frá Facebook sem samskiptamiðil í stað þess að nýta sér Yammer (Viva Engage í dag) sem borgin var þá þegar að greiða leyfi fyrir? Einnig er óskað upplýsinga um hvort að vistun persónugagna Workspace utan EU hafi verið brot á persónuverndarlögum.

Greinargerð

Á borgarstjórnarfundi þann 9. apríl 2024 gagnrýndi varaborgarfulltrúi Flokks fólksins það að þjónustu og nýsköpunarsvið væri að greiða háar fjárhæðir á hverju ári fyrir notkun á Workplace frá Facebook sem samskiptamiðils fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar. Einnig benti varaborgarfulltrúinn á þá staðreynd að öll þau ár sem þjónustu og nýsköpunarsvið hefur verið að greiða fyrir notkun á Workplace hafi það einnig verið að greiða miklar upphæðir í leyfisgjöld vegna Microsoft hugbúnaðar og inn í þeim leyfisgjöldum væri gjald fyrir samskiptamiðilinn Yammer (nú Viva Engage) frá Microsoft sem aldrei var notaður.

Fulltrúar meirihlutans vörðu þessi kaup á Workplace en stuttu eftir umræddan borgarstjórnarfund kom í ljós að Facebook ætlaði að leggja alfarið niður samskiptamiðilinn Workplace. Nú er þjónustu og nýsköpunarsvið því komið á byrjunarreit aftur eftir að hafa eytt tugum milljóna undanfarin ár í leyfisgjöld vegna Workplace - og er að því er virðist að fara að innleiða Viva Engage. Þarna er einn eitt dæmið um ranga ákvörðun sviðsins (eða forvera sviðsins Skrifstofu þjónustu og reksturs) - sem hefur kostað borgarbúa háar fjárhæðir.